

Sveitamessa á annan í jólum

Á annan í jólum kl. 11 verður bryddað upp á þeirri nýjung, hér í Lindasókn, að bjóða upp á svokallaða **Sveitamessu**. Um er að ræða hátíðlega guðspjónustu með hefðbundnum jólasálmum sem fluttir verða í anda bandarískrar sveitatonlistar (Country and Western).

Hljóðfærileikar verða Hjörleifur Valsson, fiðla, Magnús Sigurðsson, banjó, Jóhann Axel Reed, mandolín, og Keith Reed píanó og gítar. Auk þeirra syngja félagar úr Kór Lindakirkju ásamt Margréti Unni Guðmundsdóttur og Mörtu Hlín Þorsteinsdóttur.




Jólastund fjölskyldunnar Klukkan FJÖGUR á aðfangadag

Allir kannast við spenning yngri kynslóðarinnar á aðfangadag og eftirvætinguna eftir því að jólin gangi í garð. Oft er eirðarleysi barnanna mikið og ekki svo einfalt að dreifa huganum. Jólastund fjölskyldunnar á aðfangadag er mjög góður kostur fyrir þá krakka og hentar einnig fjölskyldum með mjög ung börn. Stundin verður haldin í Salaskóla kl. 16. Kór Salaskóla syngur undir stjórn

Ragnheiðar Haraldsdóttur, sýnt verður brúðuleikritið: Hirðfíflíð og konungurinn og Jólaguðspjallíð verður lesið. Í lok stundarinnar fá börnin glæðning frá Lindasókn.



ÞÚ ERT FRÁBÆR



Falleg bók með góðum boðskap
Tilvalin jólagjöf handa börnum

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR

Jólakort



Við minnum á jólakortin með mynd af Lindakirkju. Þau eru til sölu í Safnaðarheimili Lindasóknar, 10 saman í búnti á 1000 kr. Ágóði af sölunni rennur í minninga- og gjafasjóð Lindakirkju.

FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

3. tbl. 5. árg. JÓL 2007

Dagskráin framundan

16. desember. Priðji sunnudagur í aðventu

Kl. 11:00 Fjölskylduguðspjónusta í Salaskóla. Sýnt verður brúðuleikritið

Pönnukakan hennar Grýlu í flutningi Bernd Ogrodnik brúðuleikara.

Kl. 17:00 Aðventugleði Lindasóknar í Salaskóla:

- Kór Lindakirkju, Kórskóli Lindakirkju, Kristín Sigurðardóttir syngur einsöng, Jólaleikrit í léttum dúr, jólasaga og samsöngur.

24. desember. Aðfangadagur jóla

Kl. 16:00 Jólastund fjölskyldunnar í Salaskóla (Sjá baksíðu).

Kl. 18:00 Aftansöngur í Salaskóla. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed.

Einsöngur: Kristín Sigurðardóttir. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.


26. desember. Annar dagur jóla.

Kl. 11:00 Sveitamessa í Salaskóla (Sjá baksíðu).

Lindakirkja rís

Eins og sagt var frá í síðasta tölublaði Fréttabréfs Lindasóknar ákvað Sóknarnefndin að ganga til samninga við ÍSTAK hf um byggingu Lindakirkju og frágang utanhúss. Verkinu miðar vel áfram, uppsteypu á kjallara kirkjunnar er lokið og hafa þegar verið reistir nokkrir veggir, eins og meðfylgjandi mynd sýnir, en hana tók Haraldur Guðjónsson ofan úr byggingakrananum nýverið.

Til að gefa lesendum einhverja mynd af skipulagi hússins er **kirkjuskipið** merkt með rauðum ferhyrningi, **forkirkja** með grænum, væntanlegur **turn** með fjólbláum, **kapella** með bláum, **safnaðarsalur** með gulum en **skrifstofuálma, kennslustofur og eldhús** með appelsínugulum. Áætlað er að þessum fyrsta áfanga verði lokið í maí á næsta ári.



Lindakirkja, fimmtudaginn 6. desember

FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning:
Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.

Fréttabréfið er gefið út í 4000 eintökum og
dreift á öll heimili í Lindasókn. Um
dreifingu sjá nemendur í 10. bekk
Salaskóla

Netföng og símanúmer

Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur. Netfang: gudmundur.karl@lindakirkja.is
Bryndís Malla Elíðottir, héraðsprestur, Netfang: smalla@breidholtskirkja.is
Kristín Sigríður Garðarsdóttir, djákni. Netfang: kristinsigidur@hive.is
Keith Reed organisti og kórstjóri. Netfang: keith@lindakirkja.is
Sigríður Kjartansdóttir, meðhjálpari og húsvörður í safnaðarheimilinu. Netfang: sigridur@lindakirkja.is
Safnaðarheimili Lindasóknar s. 544 4477. Netfang lindakirkja@lindakirkja.is

Okkar fólk á stórtónleikum


Föstudaginn 30. nóvember síðastliðinn voru haldnir fjárlunartónleikar í Grafarvogskirkju til styrktar ABC - Hjálparstarfi. Aðalhvataður tónleikanna var Keith Reed, organisti í Lindasókn. Fjöldi listamanna kom fram. Má þar nefna Ragnar Bjarnason, Elísabetu Waage hörpuleikara, Birgittu Haukdal og hljómsveitina Bardukha. Hápunktur kvöldsins var flutningur á verkinu *Mass of the Children* eftir John Rutter undir stjórn Keith Reed. Þar komu margir kórar við sögu, meðal þeirra Kór Lindakirkju og stúlkur úr Kórskóla Lindakirkju. Einsöngvarar voru Einar Clausen og Marta Guðrún Halldórsdóttir en Sinfóníuhljómsveit Unga fólksins lék undir. Góður rómur var gerður að tónleikunum en rúmlega sex hundruð manns sóttu þá. Þetta kvöld safnaðist 1 milljón króna sem mun renna til barna í Pakistan.



Mass of the Children

Yfir 150 manns tóku þátt í flutningi verksins.

Tilgangsríkt Líf - Leshópur



Nýlega gaf Salt útgáfan út bókina *Tilgangsríkt líf* eftir Rick Warren, en bókin hefur vakið mikla athygli víða um heim. Á bókarkápu segir meðal annars:

Sjálfhjálparbækur stinga oft upp á að við reynum að uppgötva merkingu og tilgang lífs okkar með því að horfa inn á við, en Rick Warren segir að það sé rangur upphafsreitur. Við þurfum að

þyrja hjá Guði, skapara okkar. Við erum sköpuð af Guði og fyrir Guð. Ef við skiljum það ekki verður erfitt að skilja lífið.

Væntanlegt er námskeiðsefni úr bókinni þar sem hún er lesin á sex vikum. Slíkt námskeið hefst í febrúar hér í Lindasókn, en það verður auglýst betur þegar nær dregur.

SKÍRIN

Hildur Ásta var skírð 29. september heima í Finalind 13. Foreldrar hennar eru Erna Ingibergsdóttir og Hrafn Goði Rögnvaldsson.

Hinrik Dagur var skírður 20. október í Hjallakirkju. Foreldrar hans eru Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir og Gunnar Alexander Olafsson.

Sóley Emilía var skírð í guðspjónustu í Salaskóla 11. nóvember. Foreldrar hennar eru Rósia Guðrún Bergbórsdóttir og Stefán Pálsson.

Emma var skírð 18. nóvember heima í Kórsölum 3. Foreldrar hennar eru Ragnheiður Þorkelsdóttir og Óskar Sigurgeirsson.

Unnur Helga var skírð 2. desember heima í Ársölum 5. Foreldrar hennar eru Harpa Tómasdóttir og Haraldur Helgi Þráinsson.

Ágústa var skírð 2. desember heima í Baugakór 15. Foreldrar hennar eru Ingunn Þorkelsdóttir og Ólafur Friðrik Harðarson.

BÖRNIN OG SPORIN

Í febrúar síðastliðnum var Kristín Sigríður Garðarsdóttir vígð til djáknajpónustu í Lindasókn. Kristín hefur haft með höndum námskeiðið 12 sporin - Andlegt ferðalag í Lindasókn, sem nýlega rann sitt skeið á enda en nýtt námskeið hefst eftir áramót. Auk þess hefur Kristín þjónað við helgihaldið í sókninni. Hennar aðal þjónusta snýr þó að Vatnsendaskóla, þar sem hún er til staðar sem viðtalsaðili fyrir börnin í fristundaheimili skólans. Útsendari Fréttabréfs Lindasóknar ákvað að taka Kristínu tali og hóf viðtalið á því að spryja hana hvers vegna hún hafi lært til djákna. Við gefum henni orðið.

Ég starfaði sem áður áfengis- og vímuvarnaráðgjafi á Landspítalanum. Í starfi mínu þar fann ég að mig vantaði nægilegan grunn til að geta gefið skjólstæðingum mínum þann trúarlega stuðning sem ég hefði kosið að gefa og margir þeirra leituðu eftir. Ég get orðað það þannig að mig langaði til að geta látið þeim verkfæri trúarinnar í té til þess að byggja líf sitt upp að nýju. Þess vegna fannst mér það liggja beint við að setjast á skólabekk í Guðfræðideild Háskóla Íslands í djáknanám.

Í skólanum

Nú starfar þú sem djákni í Lindasókn, en starfsvettvangur þinn er einkum innan veggja Vatnsendaskóla. Ertu í trúboði þar?

-Nei. Markmiðið með því þegar börnin leita til míni í viðtöl er að hjálpa þeim til að standa með sjálfum sér, að efla sjálfstraust þeirra. Viðtölun fara fram á forsendum barnanna sjálfrá. Auðvitað vita þau fyrir hvað ég stend, að ég er djákni og er að vinna í kirkjunni en ef börnin ræða ekki við mig um trúna að fyrra bragði vek ég ekki máls á henni. Þegar ég, hins vegar, finn að barn kemur frá trúuðu heimili þar sem því hafa verið kenndar bænir og þar sem talað er um Guð þá styrki ég þann þátt, að sjálfsgöðu. Börn eru mjög frjáls af sér, opin og skemmtileg og hafa ríka þörf fyrir að tjá sig og að ræða við einhvern sem gefur þeim tíma.

12 sporin - Andlegt ferðalag

Á árinu sem er að líða annaðist þú námskeiðið 12 sporin - Andlegt ferðalag, sem haldið var á vegum Lindasóknar.

Já, við vorum tvær vinkonurnar sem héldum utan um það starf, ég og Lára Sif Lárusdóttir. Slík námskeið hafa verið haldin við góðan orðstí í mörgum kirkjum hér á höfuðborgarsvæðinu síðustu ár. Námskeiðið hér tókst afar vel og hópurinn var traustur og góður sem tók þátt. Ætlunin er að byrja með nýtt 12 spora námskeið í Lindasókn snemma á næsta ári.

Hvað er gert á þessum námskeiðum?

Fólk lærir að rækta sjálft sig, bæta samskipti sín



við annað fólk og rækta samband sitt við Guð gegn um 12 sporin sem þekkt eru úr starfi AA samtakanna. Í námskeiðinu er lesin samnefnd bók sem kom út fyrir nokkrum árum. Talsverð eftirlspurn hefur verið eftir því að haldið verði nýtt námskeið. Við byrjum að nýju í lok janúar á næsta ári og ég hvet alla sem hafa áhuga á að vera með að hringja og láta vita af sér í síma Safnaðarheimilis Lindasóknar 544 4477. Segir Kristín að lokum.

Friðarljós

loga vel og lengi
og þú stýður fólk
til sjálftshjálpar

FRIÐAR-LJÓS

Hjálparstarf kirkjunnar